

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 299/2019

2020/EES/14/27

frá 13. desember 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1067 frá 1. júlí 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1098 frá 2. ágúst 2018 um breytingu og leiðréttingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/335 frá 27. febrúar 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 að því er varðar að skrá brennda drykkinn „Tequila“ sem landfræðilega merkingu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/674 frá 29. apríl 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008) í XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 1067**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1067 frá 1. júlí 2016 (Stjttíð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 1),
- **32018 R 1098**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1098 frá 2. ágúst 2018 (Stjttíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 7),

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 114, 30.4.2019, bls. 7.

- **32019 R 0335**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/335 frá 27. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 3),
- **32019 R 0674**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/674 frá 29. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 114, 30.4.2019, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2019/1067, (ESB) 2019/1098, (ESB) 2019/335 og (ESB) 2019/674, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.